



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Laufásvegur 12
101 Reykjavík

Sími: 515 9600

list@listasafn.is
listasafn.is

23.05.2023

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 1384 – 937. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (nýir sjóðir og fjölgun úthlutunarmánaða).

Listasafn Íslands fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í nýju frumvarpi til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 og styður fjölgun árlegra úthlutunarmánaða og stofnun þriggja nýrra sjóða.


Starfslaunamánuðum yrði fjölgað úr 1.600 í 2.670 á 4 árum og lagt er til að þremur nýjum sjóðum verði bætt við kerfið; Launasjóði kvikmyndahöfunda, Vexti, sjóði 35 ára og yngri og Vegsemd, sjóði listamanna 67 ára og eldri.

Að mati safnsins er mikilvægt að auka veg listsköpunar í landinu og þar leika listamannalaun stórt hlutverk með því að bæta afkomu þeirra sem leggja listina fyrir sig að ævistarfi. Listamannalaun eru grundvallaratriði til að tryggja faglegt umhverfi fyrir myndlist á Íslandi.

Listamannalaun eru mikilvæg fyrir allt menningarlíf í landinu og fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Listir skapa gæði, samkennd og skilning í samfélaginu og skapa umræður og hreyfa við fólk. Alvöru listir eru samfélaginu jafn mikilvægar og taugakerfið er mannslíkamanum.

Þar að auki er mikilvægt að muna eftir þeim margfeldisáhrifum sem listsköpun hefur, til dæmis með fjölda afleiddra starfa og öðrum hagrænum áhrifum eins og Ágúst's Einarssonar hefur meðal annars bent á.

Virðingarfyllst


Ingibjörg Jóhannsdóttir

Safnstjóri Listasafns Íslands